

## NÍ\_18.1.2022\_umsögn lýsing

**Til** : María Markúsdóttir <mariam@akureyri.is>  
**Frá** : Lovísa Guðrún Ásbjörnsdóttir - NI <Lovisa.G.Asbjornsdottir@ni.is>  
**Heiti** : NÍ\_18.1.2022\_umsögn lýsing  
**Málsnúmer** : 2021110081  
**Málsaðili** : Landsnet ehf.  
**Skráð dags** : 18.01.2022 00:00:00  
**Höfundur** : Lovísa Guðrún Ásbjörnsdóttir - NI <Lovisa.G.Asbjornsdottir@ni.is>  
**Viðhengi** [image001.png](#)

Góðan dag,

Hér fyrir neðan er umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands.

-----  
Tilvísun í mál nr. 202112-0052, 202201-0036 og 202201-0001 (LA, BK)

Vísað er í tölvupósta frá skipulags- og byggingarfulltrúi Eyjafjarðar bs., 21. desember 2021, skipulags- og tæknifulltrúi Dalvíkurbyggðar, 27. desember 2021, og verkefnastjóra skipulagsmála á Akureyri, 30. desember 2021. Ákveðið var að vinna sameiginlega skipulags- og matslýsingu fyrir Akureyrarbæ, Hörgársveit og Dalvíkurbyggð. Í vinnuferlinu verða settar fram þrjár aðskildar aðalskipulagsbreytingar, þ.e. breyting á Aðalskipulagi Akureyrar 2018-2030, Aðalskipulagi Hörgársveitar 2012-2024 og Aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar 2008-2020. Samhliða aðalskipulagsbreytingunum er unnin tilkynning til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu framkvæmdarinnar.

Í aðalskipulagsbreytingunni felst að 66 kV til 220 kV jarðstrengur (Dalvíkurlína 2) er færður inn á skipulagið. Áformuð strengleið liggur frá sveitarfélagsmörkum Akureyrar við Ásláksstaði meðfram Hlíðarvegi og Þjóðvegi 1 í Kræklingahlíð og Ólafsfjarðarvegi norður Galmaströnd að sveitarfélagsmörkum Dalvíkurbyggðar við Fagraskóg. Landsnet vinnur að undirbúningi lagningar Dalvíkurlínu 2 og er framkvæmdin hluti af endurnýjunaráætlun.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur kynnt sér skipulagslýsinguna og skilar sömu umsögn til sveitarfélaganna þriggja. Stofnunin vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri.

Náttúrufræðistofnun telur jákvætt að fyrirhugað er að leggja jarðstreng meðfram vegum frá Akureyri til Dalvíkur frekar en loftlínu sem fuglum stafar hætta af og sem breytir ásýnd landslags. Áform eru um að jarðstrengurinn verði lagður að mestu leiti eftir vegakerfi sveitarfélaganna en frekari útfærsla og valkostir verða kynntir á síðari stigum skipulagsins. Í skipulagslýsingu kemur fram að við Dalvík gerir aðalvalkostur ráð fyrir að jarðstrengurinn fylgi núverandi loftlínu og verður þá lagður yfir votlendi við Hálsá sem nýtur sérstakrar verndar 61. gr. náttúruverndarlaga og yfir lítt raskað svæði innan friðlands Svarfaðardals. Hins vegar er bent á í lýsingu að aðrir kostir innan þessa svæðis séu meðfram vegum og telur Náttúrufræðistofnun að þeir kostir skuli skoðaðir betur og leitast við að lágmarka neikvæð áhrif á náttúrufar sem nýtur verndar.

Náttúrufræðistofnun leggur almennt áherslu á að við skipulag og framkvæmdir skuli alltaf leitað leiða til að lágmarka neikvæð áhrif á lífríki og aðra náttúru.

Náttúrufræðistofnun áskilur sér rétt að frekari athugasemdum á síðari stigum skipulagsvinnunnar.

Virðingarfyllst,

Lovísa Ásbjörnsdóttir

.....  
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History

Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.

Sími/Tel: (354) 5 900 500. [www.ni.is](http://www.ni.is)



NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN ÍSLANDS

---

**From:** "María Markúsdóttir"

**To:** "Sædís Gunnarsdóttir" ; "ust@ust.is" ; "fiskistofa" ; "hafogvatn@hafogvatn.is" ; "Heilbrigðiseftirlit Norðurlands Eystra" ; "Akureyri - NI" ; "Skipulag" ; "rarik@rarik.is" ; "mila@mila.is" ; "tengir@tengir.is" ; "Vegagerðin - VG" ; "ssne@ssne.is"

**CC:**

**Subject:** Dalvíkurlína 2 - skipulagslýsing

**Date:** 30.12.2021 09:47:59

Góðan dag,

óskað er umsagnar um meðfylgjandi skipulagslýsingu fyrir Dalvíkurlínu 2. Óskast umsögnin send fyrir 19.janúar nk. ef kostur er.

*Bestu kveðjur,*

**María Markúsdóttir**

*Verkefnastjóri skipulagsmála*

Skipulagssvið

Geislagötu 9, 600 Akureyri

Beinn sími / Direct: (354) 460 1144

[mariam@akureyri.is](mailto:mariam@akureyri.is)

<https://www.akureyri.is>